



Jafnlaunastefna Reykjanesbæjar



Jafnlaunastefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn
Reykjanesbæjar 4. desember 2018.

Reykjanesbær hefur þá stefnu að hafa ávallt á að skipa hæfum og ánægðum starfsmönnum sem geta sýnt frumkvæði í störfum sínum og veitt bæjarbúum framúrskarandi þjónustu.

Launaákvæðanir hjá Reykjanesbæ skulu vera gagnsæjar og málefnalegar. Jafnlaunastefna er órjúflegur hluti af starfsmannastefnu bæjarins og er henni ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Starfsmönnum skal greiða jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt við launaákvæðanir. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Reykjanesbæjar.

Í samræmi við lög hefur Reykjanesbær það markmiði að:

- innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma skv. lögum 10/2008 og reglugerð 1030/2017.
- kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Reykjanesbæjar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar.

Æðstu stjórnendur skuldbinda sig til að setja Reykjanesbæbæ jafnlaunamarkmið og vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastefnu á rýnifundum tvisvar á ári. Reykjanesbær hefur gert samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi Reykjanesbæjar. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð.